

Fundagerð

Fundur 794

4.fundur stjórnar 6.október 2010

Mættir eru: Ólafur Oddur, Svana, Ingibergur, Sigmundur og Snær

1. Fundargerð 793 lesin upp og samþykkt
2. Aðsent efni,
 - Lottóið var 86.244 kr.
3. Grískt fang
 - Glímusamband Íslands fékk bréf frá Kristjáni Daðasyni varðandi Grískt fang.
 - Kristján mætti á fundinn og kynnti grískt fang (Free style og Greco roman) fyrir stjórninni.
 - Áhugi er fyrir því hjá Kristjáni að koma grísku fangi inn í Glímusambandið.
 - Stjórn Glímusambandsins ætlar að skoða málið.
4. Fjárlög 2011
 - Drög liggja fyrir á fjárlögum 2011.
 - Niðurskurður er 10%
 - Glímusambandið fær því 3.7 milljónir.
5. Ungmennabúðir GLÍ
 - Engin þátttaka var í ungmennabúðirnar og voru þær því slegnar af.
 - Í staðinn voru haldnar opnar æfingar sem gengu ágætlega.
6. Heimsókn frá Bosei
 - Kennarar frá Bosei kíktu í heimsókn til Íslands.
 - Mikil ánægja var meðal kennara með móttöku Íslendinga og kynningu þeirra á landinu.
7. Æfingaferð til Spánar
 - Pétur Eypórsson og Snær Seljan Þóroddsson fóru til Leon á Spáni að keppa í fyrsta evrópska mótinu í Lucha Leonesa.
 - Keppendum gekk vel og lentu þeir báðir í 3-4 sæti.
 - Pétur keppti í -90kg og Snær í -81kg.
 - Keppendur voru ánægðir með móttöku Spánverja og ferðina í heild.
8. Æfingabúðir í back-hold og gouren
 - Æfingabúðirnar fóru fram fyrstu helgina í september.
 - Æfingarnar voru vel sóttar og heppnuðust þær ákaflega vel.
 - Fengnir voru tveir þjálfarar frá Frakklandi og Englandi og stóðu þeir sig frábærlega.
9. Formannafundur ÍSÍ
 - Verður haldinn föstudaginn 19.nóvember.
 - Svana mun sækja fundinn.

10. Bréf til ÍSÍ

- Ólafur Oddur hefur skrifað bréf til ÍSÍ er varðar styrk til sérsambanda.

11. Önnur mál

- Ólafur er með hugmynd um að ungmenni frá 16-18 ára sækja æfingabúðir í glímu við lýháskólann í Bosei. Hugmyndin er að ungmennin geti einnig stundað þær íþróttir sem lýðháskólinn í Bosei býður uppá.
- Sigmundur minnir ritnefnd á að færa inn frekari fréttir frá félögunum t.d. inn á heimasíðu félagsins.

12. Næsti fundur ákveðin og fundi slitið

- Næsti fundur verður haldinn 3.nóvember klukkan 19:00 og fundi slitið kl 19:00

Snær Seljan Þóroddsson